



COVID-19

Sýking af völdum kórónuveiru

Leiðbeiningar fyrir flugvelli og flugáhafnir sem sinna farþegaflugi og vöruflutningum í millilanda- og innanlandsflugi



Þessar leiðbeiningar eru uppfærðar eftir þörfum*

Markmið með þessum leiðbeiningum er að stuðla að heilbrigðu og öruggu umhverfi fyrir farþega, flugvallarstarfsmenn, flugáhafnir og viðbragðsaðila á flugvöllum og í flugi.

25. janúar 2021

*Þessar leiðbeiningar hafa verið uppfærðar m.t.t. COVID-19 Aviation Health Safety Protocol. Guidance for the management of airline passengers in relation to the COVID-19 pandemic. Issue no: 02 Issue date: 30/06/2020

Efnisyfirlit

1. Orðskýringar	3
2. Inngangur	3
3. Á alltaf við í starfsemi aðila	4
4. Starfsemi flugstöðva	4
5. Farþegar – eftirfarandi á alltaf við	5
6. Farþegar – áður en komið er á flugvöll/flugstöð	6
7. Farþegar – innritun – brottfararhlið	6
8. Í flugi	7
9. HEPA-síur	7
10. Móttaka flugvélar frá COVID-19 áhættusvæðum	8
11. Tilkynning – grunur um COVID-19 sýkingu um borð í flugvél	8
12. Viðbrögð – grunur um COVID-19 sýkingu um borð	10
13. Móttaka flugvélar – grunur um COVID-19 veikindi um borð	10
14. Áhættumat og rakning smitleiða – COVID-19 veikindi um borð	11
15. Sótthreinsun flugvélar	12
16. Grundvallarsmitgát	13
17. Frekari upplýsingar	14
Viðauki 1: Gagnreynd þekking og íhugunarefni	15
Viðauki 2: Forskráning	18
Viðauki 3: Fyrir farþega – að efla heilbrigðisöryggi á flugvöllum, flugstöðvum og í flugi	20
Viðauki 4: Helstu sóttvarnaráðstafanir skilgreindra ábyrgðaraðila	22

1. Orðskýringar

Skammstöfun	Heiti
112	Neyðarlínan, samræmd neyðarsímsvörun fyrir landið allt
AEY	Flugvöllurinn á Akureyri
Avd-RLS	Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
COVID-19	Öndunarfærasýking vegna kórónuveiru SARS-CoV-2
EASA	Flugöryggisstofnun Evrópu - <i>European Union Aviation Safety Agency</i>
ECDC	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins - <i>European Centre for Disease Prevention and Control</i>
EGS	Flugvöllurinn á Egilsstöðum
FLE	Flugstöð Leifs Eiríkssonar
IATA	Alþjóðasamband flugfélaga
Isavia	Opinbert hlutafélag er annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi. Stýrir jafnframt flugumferð innan íslenska flugstjórnarsvæðisins.
KEF	Keflavíkflugvöllur
PCR	Kjarnsýrumögnun - <i>Polymerase Chain Reaction</i>
RKV	Flugvöllurinn í Reykjavík
SVL	Sóttvarnalæknir
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin - <i>World Health Organization</i>

2. Inngangur

Tilgangur þessa skjals er að veita leiðbeiningar til starfsfólks í flugstöðvum, flugáhafna og annarra sem sinna verkefnum tengdum farþegaflugi og vöruflutningum í millilanda- og innanlandsflugi. Skjalið er unnið út frá fyrirliggjandi leiðbeiningum á vef embættis landlæknis og sameiginlegum tilmælum Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) og Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) varðandi öruggar ferðir farþega í tengslum við COVID-19 faraldurinn. Leiðbeiningarnar taka viðmið af alþjóðaflugvöllum og -flugi en skyldu aðlagðar að innanlandsflugi og –flugvöllum miðað við þær reglur sem gilda innanlands.

Margir aðilar hafa tekið þátt í þróun þessara leiðbeininga sem vonandi verða til þess að sem mest samræmi verði í verklagi og í upplýsingagjöf til ferðamanna. Einnig er mikið traust lagt á ferðamenn sem fá tilmæli um að huga að hreinlæti, sinna sóttvörnum og ferðast ekki finni þeir til einkenna sem gætu bent til COVID-19 sýkingar.

Gera má ráð fyrir því að leiðbeiningar þessar þróist í takt við lærdóm af verkefninu og áhættumati sóttvarnalæknis hvað varðar COVID-19. Aðilar tiltekinna starfseininga sem innleiða þessar leiðbeiningar í samvinnu við SVL, fylgjast einnig með breytingum sem verða og kalla eftir uppfærslu ef svo ber undir.

3. Á alltaf við í starfsemi aðila

Það sem starfsmaður flugstöðvar/flugáhöfn skyldi hafa í huga

- Vegna aðstæðna í heimsfaraldri COVID-19, gætu allir verið útsettir fyrir smiti og getur það valdið streitu hjá fólki. Starfsfólk þarf að vera tilbúið að leita eftir ráðgjöf, leiðsögn og stuðningi vegna þess.
- Farþegar gætu verið órólegir eða í uppnámi vegna ótta við smit, t.d. að vera hafnað að setjast hjá öðrum farþega ef það vaknar minnsti grunur um veikindi eða ásaki aðra farþega um að fylgja ekki smitgátareglum. Þá þarf að róa og leiðbeina.
- Þekkja einkenni COVID-19 sýkingar, sem helst eru: Hiti, hósti eða andþyngsli, bein- og vöðvaverkir, breyting á bragð- og/eða lyktarskyni, einnig hugsanlega nefrennsli eða hálsþærindi og meltingarfæraeinkenni. Smitleiðir eru aðallega dropa- og snertismit milli einstaklinga en síður frá sameiginlegum snertiflötum.
- Upplýsa sinn yfirmann ef grunur vaknar um COVID-19 smit rétt fyrir flug, í flugi eða strax við komu á flugvöll.
- Beita grundvallarsmitgát í hvívetna og efla sýkingavarnir um borð í flugvél/á flugstöð ef grunur vaknar um COVID-19.
- Mælt er með að þeir sem eru í nánú samneyti við farþega beri hlífðargrímur (framlínustarsmenn). Með nánú samneyti er átt við þar sem ekki er hægt að virða 2 metra nándarmörk.
- Framlínustarfsmenn fá fræðslu í notkun hlífðarbúnaðar, sérstaklega að notkun slíks búnaðar getur veitt falskt öryggi og kemur ekki í stað grundvallarsmitgátar. Þeir starfsmenn sem eru ekki í framlínu þurfa ekki persónulegan hlífðarbúnað.

4. Starfsemi flugstöðva

1. Hver flugstöð tilnefni einn samhæfingaraðila sem hefur umsjón með sóttvarnaráðstöfunum með hliðsjón af viðbragðsáætlun sóttvarna fyrir hverja flugstöð/flugvöll. Samhæfingaraðili myndar tengsl við sóttvarnayfirvöld á hverjum stað.
2. Aðgangur að flugstöðvum ætti að vera takmarkaður við starfsmenn flugvallar, þjónustuaðila, áhafnir og aðra sem starfs síns vegna þurfa aðgengi að flugstöð. Fylgdaraðilar farþega ættu aðeins að fá aðgang þurfi farþegi aðstoð eða þegar verið er að fylgja börnum.
3. Upplýsa þarf einstaklinga sem hafa einkenni sem samrýmast COVID-19 að koma ekki inn í flugstöð.
4. Í flugstöðvum skulu allir verkferlar yfirfarnir og reynt að viðhafa 2 metra nándarmörk eins og hægt er. Hver flugstöð/flugrekstraraðili þarf að leita leiða til að minnka biðraðir. Má þar nefna vefinnritun og snertilausar afgreiðslur.
5. Veitingasala og verslanir mega vera opnar. Við innganga skal tryggja aðgang að handspritti.
6. Núverandi þekking á áreiðanleika mótefnaprófa sem og á mótefnasvari gegn SARS-CoV-2 styður ekki útgáfu almenns „heilsuvegabréfs“ (e. *immunity passport*) vegna ferðalaga að mati Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Á Íslandi hafa hins vegar vottorð vegna fyrri COVID-19 sýkingar á Íslandi verið tekin gild á landamærunum til undanþágu frá sóttkví og frá 10. desember 2020 eru slík vottorð frá

EES/EFTA-ríkjum einnig viðurkennd [að uppfylltum ákveðnum skilyrðum](#). Þá eru vottorð um bólusetningu frá EES/EFTA-ríkjum sem uppfylla [skilyrði sóttvarnalæknis](#) einnig tekin gild.

7. Veggspjöld/skjámyndir um 2 metra nándarmörk, gildi handþvottar, grímunotkun og aðrar persónulegar sóttvarnaráðstafanir ættu að vera á áberandi stöðum innan flugstöðvar og á nauðsynlegum tungumálum (a.m.k. íslensku, ensku, dönsku og pólsku).
8. Ruslafötur sem ekki krefjast snertingar við að opna skulu vera staðsettar á nokkrum stöðum í flugstöðinni m.a. fyrir notaðar grímur og annan persónulegan hlífðarbúnað.
9. Hlífðargrímur ætti að nota á alþjóðaflugvöllum fyrir farþega og starfsmenn í afgreiðslu þeirra og í alþjóðaflugi þar sem ekki er hægt að virða 2 metra reglu. Æskilegt er að aðgengi að grímum sé til staðar fyrir farþega t.d. í sjálfssölum eða sem hluti af vöruúrvali verslana.
10. Lagt er til að skilrúm (plast/gler) aðgreini starfsmenn frá farþegum við afgreiðslu þar sem því verður við komið. Starfsmenn þurfa þá ekki að nota hlífðarbúnað.
11. Hver flugstöð fylgir verklagi um reglubundin þrif og sótthreinsun snertiflata. Sérstaklega þarf að skoða eftirfarandi:
 - a. Bakkar, sem eru notaðir við skoðun handfarangurs við öryggiseftirlit, hafa reynst mengaðir af algengum veirum frá öndunarfærum og þá þarf að þrifa daglega. Hafa handspritt til reiðu fyrir farþega.
 - b. Skimunarklefar farþega (ef til staðar) við öryggishlið séu þrifnir og sótthreinsaðir reglulega.
 - c. Takmarka hreinsunartækni sem þyrlar upp ögnum s.s. blástur og notkun ryksugu.
 - d. Tryggja góða loftræstingu og að síuskipti séu reglubundin og skráð.
12. Reglur um þrif, loftræstingu og persónulegar sóttvarnaráðstafanir gilda á öllum svæðum flugstöðva, einnig í reykhornum og á leiksvæðum.
13. Handspritt þarf að vera til staðar og sýnilegt s.s. við inngang í flugstöð, við öryggisleit og útgönguhlið. Einnig í inngangi veitingasala og verslana og við afhendingu/móttöku farangurs.
14. Hver flugstöð er með skýrar reglur um með hvaða hætti farþegar eru kallaðir út í flugvél.
15. Upplýsingar um sýnatöku komufarþega er að finna á bls. 6.

5. Farþegar – eftirfarandi á alltaf við

1. Farþegar eru upplýstir um að hafa grímur meðferðis og nota þær í flugi og þar til flugstöð er yfirgefin á endastöð. Börn fædd 2005 og síðar og þeir sem af heilsufarsástæðum þola ekki að vera með grímu eru undanþegnir, sem og þeir sem hafa staðfesta fyrri COVID-19 sýkingu.
2. Þegar gríma er sett upp þarf að skipta um grímu á fjögurra tíma fresti og farþegar eru beðnir að hafa nægilegt magn meðferðis í hlutfalli við lengd ferðalags. Gríma kemur aldrei í stað annarra sóttvarnaráðstafana. Hafa ber í huga að notuð gríma er menguð og þarf að þvo eða spritta hendur eftir að hún er snert og komið fyrir í sorpi.
3. Á öllu ferðalaginu (frá upphafi að endastöð) er það skylda farþega að gæta að eigin sóttvörnum. Mælt er með að nota grímur í flugvél og fyrir farþega á flugstöð þar sem ekki er hægt að virða 2 metra reglu, þvo hendur og/eða spritta eftir snertingu við yfirborð, gæta að smitvörnum við hósta/hnerra og halda höndum að sér.

6. Farþegar – áður en komið er á flugvöll/flugstöð

1. Flugfélag upplýsir farþega um ferðatakmarkanir og þær reglur sem gilda um flugferðir og á flugvöllum vegna COVID-19 og sérstaklega:
 - a. Til að draga úr töfum við landamærin fyrir komufarþega er flugfélag hvatt til að upplýsa farþega um að fylla út forskráningarform áður en farið er út á flugvöll.
 - b. Komufarþegar fylla út [forskráningarform](#) og undirrita með rafrænum hætti að þeir séu ekki með einkenni sem samrýmast COVID-19 og hafi ekki verið greindir með eða umgengist neinn með COVID-19 undanfarna 14 daga fyrir brottför, sjá viðauka 2.
 - c. Komufarþegar samþykkja yfirlýsingu í forskráningu að ef ofangreint (b) á við þá skuli þeir láta flugfélag/ferðaskrifstofu vita og eigi ekki að koma inn í flugstöð eða flugvél.
 - d. Komufarþegar þurfa frá 15. janúar 2021 að undirgangast PCR-próf með öndunarfærasýni til að greina COVID-19 við komuna og aftur 5 dögum síðar. Á milli sýnataka þarf að viðhafa sóttkví en ef síðari sýnataka er neikvæð (veira finnst ekki) þá er sóttkví aflétt. Jákvætt sýni leiðir til einangrunar og frekari rannsókna til að staðfesta sýkingu. Sjá að ofan um vottorð tekin gild.
 - e. Að allir skuli viðhafa persónulegar sóttvarnaráðstafanir.
 - f. Að fylgdarmenn/bílstjórar/leiðsögumenn eiga ekki að koma inn í flugstöðina nema í sérstökum undantekningartilfellum þegar farþegi þarf sérstaka aðstoð eða þegar verið er að fylgja barni.
2. Flugfélög eru hvött til að bjóða farþegum uppá kostnaðarlausar farmiðabreytingar ef einkenni COVID-19 koma fram í aðdraganda ferðar.

7. Farþegar – innritun – brottfararhlið

1. Auk veggspjalda skulu tilkynningar (e. *public announcements*) minna farþega ítrekað á að fylgja 1 metra nándarmörkum þar sem hægt er og sóttvarnaráðstöfunum.
2. Starfsmenn hvetja farþega til að innrita sem mest af farangri í þeim tilgangi að minnka álag í öryggisleit og fækka snertiflötum um borð í flugvél vegna farangurs.
3. Farþegar áminntir fyrir brottför að hafa nægilegt magn af grímum meðferðis sem dugar út flugferðina.
4. Við brottfararhlið skulu raðir farþega vera skipulagðar og reynt að halda 1 metra nándarmörkum og lágmarka hleðslutíma vélarinnar til að biðtími sé sem stystur.
5. Ef áætlunarbílar eru notaðir ætti að virða 2 metra nándarmörk eins og hægt er við flutning farþega að vél. Nota skal grímur í áætlunarbílum.
6. Tryggja þarf að flugrekandi/flytjandi hafi verklag um inngöngu og útgöngu í og úr flugvél og leitist við að gæta að 2 metra nándarmörkum eins og hægt er.
7. Mælt er með að handspritt sem viðurkennt er af flugmálayfirvöldum til nota í flugvél sé til staðar fyrir farþega við enda landgangs áður en farið er um borð í flugvél.

8. Í flugi

1. Myndir til að minna á að virða 2 metra nándarmörk eins og kostur er, mikilvægi handþvottar/sprittunar og aðrar persónulegar sóttvarnaráðstafanir skulu birtar á skjám flugvélar eða í formi spjalds í sætisvasa ef skjár er ekki fyrir hendi og farþegar reglulega minntir á nauðsyn persónulegra sóttvarna.
2. Snertilaus móttaka á notuðum grímum þarf að vera í verklagi áhafnar.
3. Rétt notkun á hlífðarbúnaði og fræðsla um sóttvarnaráðstafanir verði felld inn í öryggisundirbúning farþega (handþvottur/sprittun, varúð við hósta/hnerra, halda höndum að sér).
4. Flugáhöfn tekur af sér grímur á meðan farið er yfir rétta notkun á súrefnisgrímum.
5. Flugáhöfn notar ekki grímur ef neyðarástand myndast og nauðsynlegt er að koma skýrum skilaboðum til farþega.
6. Þjónusta um borð á að vera í lágmarki og virða nándarmörk eins og hægt er. Hvatt er til eftirfarandi:
 - a. Engin sala á tollfrjálsum varningi.
 - b. Veitingaþjónusta í lágmarki og á boðstólnum sé frekar matur í pökkum og drykkjarflöskur/dósir.
 - c. Snertilausar greiðslur.
7. Farþegar hvattir til að nota loftræstingu sætis eins lítið og hægt er.
8. Farþegar hvattir til að sitja sem allra mest í sætum sínum og nota sætisbeltin.
9. Farþegar hvattir til að forðast myndun raða s.s. á salerni.
10. Hvatt er til þess að eitt salerni verði frátekið fyrir áhöfnina.
11. Aðgangur þarf að vera að andlitsgrímum, bæði fyrir áhöfn og farþega, sérstaklega í löngu flugi og hafa poka fyrir notaðar grímur.
12. Flugrekstraraðilar eru hvattir til að nota HEPA-síur um borð.
13. Sérstök aðgát flugáhafnar vegna órólegra farþega í ljósi aðstæðna.
14. Ef farþegi neitar að gæta að sóttvörnum um borð í flugvél sem farin er af stað, verður atvikið meðhöndlað með sama hætti og þegar um órólega farþega er um að ræða.

9. HEPA-síur

HEPA (e. *High Efficiency Particulate Air*) síur hafa sýnt góða virkni í að fjarlægja veirur á stærð við SARS-CoV-2 sem er um það bil 70–120nm að stærð. Flugrekendur sem nota flugvélar sem endurnýta loftið í farþegarými er bent á að setja HEPA-síur í loftræstikerfið eða forðast að endurnýta loftið svo fremi sem það trufli ekki aðra nauðsynlega virkni (t.d. kælingu á rafkerfum, jafnþrýstibúnaði og fleira). Þegar HEPA-síur eru í notkun ætti ekki að stöðva loftviftur sem endurnýta loft heldur ætti að auka innflæði af fersku lofti með því að velja háflæði á loftræstikerfi þegar hægt er.

Flugrekendur ættu að skoða verkferla um notkun á viftum sem endurnýta loft í loftræstikerfum og hafa til hliðsjónar upplýsingar frá flugvélaframleiðendum. Ef þær leiðbeiningar liggja ekki fyrir er mælt með að leita ráðlegginga hjá framleiðanda til að ná ofangreindum markmiðum. Flugrekendur ættu að leita staðfestingar hjá framleiðanda og fylgja hans leiðbeiningum, um að nota stöðugt háflæði. Til að lágmarka líkur á smiti, viðhalda öryggi og auka traust almennings á flugsamgöngur er mælt með að flugrekendur hafi alla þætti loftræstikerfa í lagi og hafi stillt á háflæði þegar vélar fara frá heimastöð. Verkferlar ættu að vera til staðar ef upp koma bilanir eftir að vélar fara frá heimastöð.

Flugrekendur og flugvallarrekendur ættu að vinna saman í að koma í veg fyrir að farþegar sitji fastir um borð lengur en í 30 mínútur, án ásættanlegrar loftræstingar.

10. Móttaka flugvélar frá COVID-19 áhættusvæðum

1. Sóttvarnalæknir upplýsir flugfélög um nauðsynlegar aðgerðir í kjölfar komu flugvélar þar sem farþegar eru að koma frá [skilgreindu áhættusvæði](#). SVL tilnefnir tengiliði vegna málsins ef þess er kostur. Ef þörf er á frekari upplýsingum skal senda erindi á svl@landlaeknir.is.
2. Flugfélag miðlar upplýsingum frá SVL til áhafna og farþega.
3. Áhöfn upplýsir komufarþega og hvetur þá til að hlaða niður rakningarsmáforritinu, Rakning C-19.
4. Við komu í flugstöð hafa komufarþegar frá skilgreindum áhættusvæðum valið í forskráningarformi að:
 - a. Fara í 14 daga sóttkví og eru þeir þá skráðir í rakningargrunn og fylgja fyrirmælum um sóttkví.
 - b. Undirgangast skimun gegn SARS-CoV-2 veiru sem veldur COVID-19. Skimun innifeldur PCR-próf við komuna og aftur 5 dögum síðar en milli sýnataka þarf að viðhafa sóttkví. Ef síðari sýnataka er neikvæð er sóttkví aflétt. Jákvætt sýni leiðir til einangrunar og frekari rannsókna til að staðfesta sýkingu.
5. Undanþágur frá sóttkví:
 - a. Áhafnir flugvéla og flutningaskipa búsettar á Íslandi eða með aðalbækistöð á Íslandi, sem fylgt hafa sérstöku varúðarráðstöfunum í vinnuferð erlendis.
 - b. Áhafnir skipa sem hafa verið á sjó a.m.k. 14 daga og engin veikindi um borð.
 - c. Þeir sem hafa dvalist utan áhættusvæða síðastliðna 14 daga.
 - d. Börn fædd 2005 og síðar eru undanþegin sýnatöku og sóttkví.
 - e. Þeir sem hafa greinst með COVID-19 sýkingu eða hafa mælst með mótefni á Íslandi eða á EES/EFTA-svæði enda hafi þeir staðfestingu á því (sjá nánar [hér](#)).
 - f. Tengifarþegar sem ekki fara út fyrir landamærastöð.

11. Tilkygning – grunur um COVID-19 sýkingu um borð í flugvél

Unnið er samkvæmt ráðstöfunum sem gefnar eru út af IATA og SVL.

Boðleiðir við grun um COVID-19 sýkingu, sjá mynd 1, bls. 9

- a. Flugstjóri hefur samband við stjórnstöð/flugumsjónardeild flugfélags og síðan flugstjórnarmiðstöð ef talin er þörf á sérstöku viðbragði við landingu.
- b. Flugstjórnarmiðstöð hefur samband við 112. Neyðarvörður kallar út vakthafandi lækni svæðis.
- c. Flugstjóri virkjar áætlun vegna smitsjúkdóms um borð í samráði við flugstjórnarmiðstöð.
- d. Við landingu fer vakthafandi læknir um borð og ber ábyrgð á framkvæmd lækni skoðunar og áhættumats vegna gruns um COVID-19 í samráði við umdæmis lækni sóttvarna og SVL.
- e. SVL gerir texta: Tilkygning til farþega um borð. SVL sendir tilkygningu til flugrekstaraðila og hún lesin fyrir farþega fyrir landingu ef þess er talin þörf.
- f. Virkja má sóttvarnaáætlun flugvallar í samráði við SVL og lögreglustjóra ef viðbragðsaðilar telja þess þörf. 112 sér þá um boðun samkvæmt boðunarskrá.



**Tilkynning til Flugturns eða Flugstjórnarmiðstöðvar.
Grunur um um alvarlegan smitsjúkdóm eða annað atvik sem ógnar
lýðheilsu um borð í flugfari.**

Áhöfn hefur samband við Flugturn, óskar eftir aðstoð við komu á flugvöll. Aðskilur veika farþega frá öðrum farþegum sé þess kostur. Áhöfn beitir grundvallarsmitgát.

Flugturn hefur samband við 112 og óskar eftir aðstoð um borð við landingu. Unnið samkvæmt gátlista.

Við landingu fara viðbragðsaðilar um borð í flugfar í viðeigandi hlífðarbúningi. Læknisskoðun framkvæmd og áhættumat gert í samvinnu við SVL vakt sími 510 1933 og umdæmislækni sóttvarna.

Grunur um alvarlegan smitsjúkdóm eða atvik sem ógnar lýðheilsu?

Nei

Hlutaðeigandi viðbragðsaðilar starfa samkvæmt daglegu verkferli. Grundvallarsmitgát á vettvangi.

Já

Viðbragðsaðilar á vettvangi hafa samband við 112 sem boðar viðbragðsaðila samkvæmt boðunarskrám í eigin vörslu

Viðbragðsáætlun sóttvarna fyrir alþjóðaflugvelli virkjuð á óvissu-hættu-eðar neyðarstigi

Vakthafandi læknir hefur samband við vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala, sími 543 1000. Áframhaldandi rannsókn og meðferð í samráði við hann og SVL. Viðeigandi sýkingavarnir við sjúkraflutninga.

Mynd 1. Boðleiðir við grun um COVID-19 sýkingu

12. Viðbrögð – grunur um COVID-19 sýkingu um borð

- a. Ef farþegi í flugi, frá hvaða stað sem er, er skyndilega orðinn veikur með hita eða einkenni frá öndunarvegi vaknar grunur um að hann geti verið með COVID-19 sýkingu.
- b. Umgengni við hinn veika er takmörkuð og best ef aðeins einn úr áhöfn, og helst sá sem þjónaði þeim veika áður, er tilgreindur til að sinna hinum veika. Flugliði sem þjónar þeim veika takmarkar samneyti við aðra í áhöfn.
- c. Áhöfn skal viðhafa grundvallarsmitgát og nota hlífðarbúnað (svuntu/slopp, fínagnagrímu, hanska) við umönnun þess veika.
- d. Aðskilja skal hinn veika frá öðrum í farþegarými eins og kostur er og hann hafður nálægt salerni sem aðeins er ætlað honum. Ef samferðamenn eru með þeim veika þá þarf hugsanlega að færa þá til einnig.
- e. Slökkt á loftræstingu fyrir ofan hinn veika.
- f. Kenna skal sjúklingi hóstavarúð (hósta/hnerra í snýtubrэф, setja það í poka og spritta hendur). Setja skal fínagnagrímu **án ventils** (FFP2/N95) á sjúkling ef ástand hans leyfir, ef sú gríma er of þétt skal nota skurðstofugrímu.
- g. Eftirfarandi er sett hjá sjúklingi:
 - i. Ælupoki og pappírspurrkur.
 - ii. Plastpoki fyrir notaðan hlífðarbúnað, ælupoka, þurrkur og má fara í almennt sorp.
 - iii. Handspritt og sótthreinsunarefni (t.d. Virkon).
- h. Ef smitefni fer í umhverfið (líkamsveissar) er það þurrkað upp með einnota þurrku, yfirborð þrifið með sápuvatni og síðan strokið yfir það með sótthreinsandi efni.
- i. Notaður hlífðarbúnaður og annað sorp sem fallið hefur til við umönnun hins veika (t.d. notaðir ælupokar, óhreinar þurrkur) er sett í lokaðan poka sem má fara í almennt sorp.
- j. Farþegar eiga að hafa fyllt út forskráningarform fyrir brottför en mikilvægt er að staðfesta það til að aðstoða við smitakningu. Að öðrum kosti þarf að tryggja að það sé fyllt út við komu.
- k. Í lok ferðar er lesin tilkynning til farþega vegna veikinda um borð og nauðsynlegra ráðstafana sem getur þurft að grípa til í kjölfar komu flugfars til Íslands, s.s. sóttkví.
- l. Áhafnarmeðlimur sem sinnti hinum veika afklæðist hlífðarfatnaði og setur í poka sem fer í almennt sorp. Þvær hendur og sprittar og fer í hreinan fatnað ef líkamsveissar frá hinum veika hafa borist í fatnaðinn. Mengaðan fatnað má þvo á hefðbundinn hátt.
- m. SVL upplýsir flugrekstraraðila um niðurstöðu smits um borð í flugfari og afléttir ráðstöfunum ef sýni eru neikvæð.

13. Móttaka flugvélar – grunur um COVID-19 veikindi um borð

- a. Ákveðið er, í samráði við vaktlækni eða umdæmislækni sóttvarna, hvort sá veiki er fluttur frá borði á skilgreindan stað í flugstöð eða hvort hann bíður eftir lækni um borð í flugvélinni. Einnig þarf að ákveða hvort hleypa megi öðrum farþegum frá borði ef sá veiki verður þar áfram.
- b. Vakthafandi læknir frá heilbrigðisstofnun umdæmis (HSS, HSN, HSA eða HH) kemur á staðinn og klæðist hlífðarsloppi, hönskum, hlífðargleraugum og fínagnagrímu (FFP2/N95). Hann framkvæmir læknisskoðun

og gerir áhættumat í samráði við umdæmislækni sóttvarna hlutaðeigandi flugvallar, SVL vaktsími 510 1933 og vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala í síma 543 1000.

- c. Viðkomandi einstaklingi skulu veittar ítarlegar upplýsingar um smitleiðir og einkenni COVID-19.
- d. Sjúkraflutningamenn fylgja fyrirmælum SVL um smitgát við flutning hins veika.
- e. Starfsfólk sem sinnti viðkomandi og/eða þreif svæðið skal hreinsa hendur og farga hlífðarbúnaði á viðeigandi hátt.

14. Áhættumat og rakning smitleiða – COVID-19 veikindi um borð

Læknir metur áhættu starfsmanna flugvallar, áhafnar og ferðamanna gagnvart smiti. Gera þarf ráð fyrir að læknir sem framkvæmir lækni skoðun fylgi sjúklingi á heilbrigðisstofnun og umdæmislæknir sóttvarna eða staðgengill hans ber því ábyrgð á upplýsingamiðlun til farþega varðandi áhættumat og rakningu smits.

Ef einkenni hins veika og saga hans samræmast COVID-19 þarf að taka sýni og einangra hinn veika. Farþegar eiga að hafa fyllt út skráningarform fyrir komu sem geymt er í upplýsingagrunni sóttvarnalæknis. Smitrakningarteymi metur hverjir hafa verið í nánum samskiptum við hinn veika og ákveður [hverjir fara í sóttkví vegna útsetningar](#). Ítreka þarf að upplýsingar séu fyrir hendi varðandi:

- Farþega sem sitja í sömu röð og hinn veiki.
- Farþega í tveimur sætaröðum umhverfis hinn veika.
- Þá sem hafa sinnt hinum veika.
- Þá sem hafa átt nán samskipti við hinn veika.
- Þá sem hafa komist í snertingu við vessa úr öndunarfærum frá hinum veika.
- Þá sem búa á sama heimili og hinn veiki.
- Alla áhöfn vélarinnar.
- Þá sem þrifu svæðið sem var hugsanlega mengað.

Flugvél má halda áfram samkvæmt áætlun þegar einstaklingur, grunaður um að vera smitaður af COVID-19 er farinn frá borði og þrif hafa farið fram.

SVL heldur skrá um þá sem voru útsettir og veitir frekari upplýsingar um sóttkví ef þörf er á. Þeir sem tilheyra þessum hópi og dvelja á Íslandi næstu tvær vikur eftir flug skulu fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

Sóttkví einstaklinga sem átt hafa nán samskipti við einstakling með COVID-19:

- i. Einstaklingar hafa aðgang að ítarlegum upplýsingaum um smitleiðir og einkenni COVID-19.
- ii. Viðkomandi einstaklingi ber að vera í [sóttkví](#) þar til 14 dagar eru liðnir frá því að hugsanlegt smit átti sér stað skv. ákvörðun rakningarteymis. Einstaklingar sem dvelja hér en eru búsettir erlendis þurfa einnig að vera í [sóttkví](#) en útfærslu þarf að ákveða í samráði við heilbrigðisyfirvöld. Ef ekki er um aðra kosti að ræða þarf að hafa samband við 1700 vegna sóttvarnahúss.
- iii. Frá 14. september 2020 er hægt að stytta 14 daga sóttkví vegna nándar við tilfelli með sýnatöku eftir 7 daga og er þá sóttkví aflétt ef sýni er neikvætt. Þetta á ekki við ef sá sem er í sóttkví er á dvalarstað með COVID-19 sýktum einstakling. Ekki er heldur hægt að stytta [einangrun](#) með sýnatöku. Einstaklingar eru áfram beðnir að sýna sérstaka varúð í 7 daga í viðbót og ekki umgangast viðkvæma einstaklinga.
- iv. Ferðamenn eru hvattir til að hlaða niður og nota rakningarsmáforritið Rakning C-19. Þar er að finna ítarlegar upplýsingar um COVID-19 og hvernig nálgast á heilbrigðisþjónustuna.

- v. Ef viðkomandi einstaklingur fær einkenni um COVID-19 sýkingu ber honum að hafa samband símleiðis við heilbrigðisþjónustu.

Þeir sem eru einkennalausir mega halda áfram með flugi til annarra landa samdægurs en skulu hafa framfylgt forskráningu og hafa samband við heilbrigðisyfirvöld í því landi sem þeir dvelja næstu tvær vikur. **Ef í ljós kemur að viðkomandi reynist síðan ekki vera með COVID-19 sýkingu skal aðgerðum aflétt.**

15. Sóttþreinsun flugvélar

Sóttþreinsun hefst um leið og hinn veiki er farinn úr rýminu og svæðið er þrifið samkvæmt fyrirmælum SVL. Starfsmenn skulu hafa lokið viðeigandi þjálfun við að klæðast og afklæðast hlífðarbúnaði, ásamt viðeigandi frágangi/förgun. Leiðbeiningar þessar byggja á leiðbeiningum WHO um þrif við smitsjúkdómum. Að loknum þrifum á skilgreindu svæði vegna COVID-19 er flugvél þriffin á hefðbundinn hátt.

1. Eigin smitgát þeirra sem þrifa svæði við grun um mengun af völdum kórónuveiru:

- a. Viðhafa skal grundvallarsmitgát við þrif vegna gruns um kórónuveiru.
- b. Við þrifin skal nota eftirfarandi hlífðarbúnað:
 - i. Einnota hanska.
 - ii. Einnota svuntu/slopp.
 - iii. Andlitshlíf ef hætta er á að sóttmengað efni berist í andlit.
- c. Að verki loknu skal setja notaðan hlífðarbúnað í plastpoka sem er lokað og má fara í almennt sorp.
- d. Hendur eru þvegnar og sprittaðar strax og búið er að ganga frá hönskum í poka sem má fara í almennt sorp.

2. Sóttþreinsun og þrif á svæði sem grunað er að vera mengað af hættulegu smitefni:

- a. Þrifa skal svæðið þar sem hinn veiki dvaldi og nánasta umhverfi. Sjá einnig [hér](#).
- b. Notið hanska og annan persónulegan hlífðarbúnað s.s. svuntu, e.t.v. grímu. Sóttmengað svæði er afmarkað og almennri umferð er beint frá.
- c. Hafið tiltækan poka fyrir mengaðan úrgang sem má fara í almennt sorp.
- d. Notið bréfpurrkur til að hreinsa upp sýnileg smitefni t.d. blóð eða aðra líkamsvessa.
- e. Ekki má nota þrýstiloft, það getur þyrlað smitefni út í andrúmsloftið.
- f. Fyrst er strokið yfir með hreinum sápuvatnsvættum klúti, látið þorna og síðan strokið yfir snertifleti með sóttþreinsiefni (t.d. yfirborðsspritti eða Virkon) sem er samþykkt til nota í flugvélum. Ávallt skal nota réttan styrkleika og snertitíma.
- g. Teppa, koddar og þess háttar er sett í poka og fer í hefðbundinn þvott.
- h. Á milli þrifa einstakra svæða í flugvél skal skipta um þvottaklúta og þeir settir að verki loknu í poka. Poka með einnota klútum má setja í almennt sorp. Margnota klúta ætti einnig að setja í poka þar til hægt er að þvo þá á venjulegan hátt.
- i. Á salerni sem hinn veiki notaði skal þrifa eftirfarandi snertifleti:
 - i. Hurðarhún.
 - ii. Læsingarbúnað.
 - iii. Krana og vask.
 - iv. Aðliggjandi vegg og borð.
 - v. Salernissetuna og umhverfi hennar.
- j. Hlífðarbúnaður og hanskar fara að verki loknu í poka sem má fara í almennt sorp.

16. Grundvallarsmitgát

Ávallt skal viðhafa grundvallarsmitgát gagnvart öllu fólki, hvort sem það lítur út fyrir að vera veikt eða ekki. **Í hverri fluvél skulu ávallt vera að lágmarki tvö sýkingavarnasett (e. *universal precaution set*). Hvert sett inniheldur:**

- Einnota hanska.
- Einnota hlífðarsloppa eða -svuntur.
- Andlitshlíf (eða hlífðargrímu og hlífðargleraugu).
- Þurrt sóttthreinsiduft, stráð yfir fljótandi smitefni (t.d. blóð) og breytir því í hlaupkennt efni.
- Sóttthreinsandi lög til yfirborðshreinsunar (t.d. yfirborðsspritt eða Virkon).
- Plastpoka fyrir notaðan hlífðarbúnað sem má fara í almennt sorp eftir lendingu.
- Bréfpurrkur.

Í grundvallarsmitgát felst eftirfarandi:

- Almenn handhreinsun, þ.e. handþvottur og/eða notkun handspritts.
- Nota einnota hlífðarhanska þegar snerta þarf mengað yfirborð, fara strax úr hönskum að verki loknu. Spritta skal hendur eftir notkun þeirra.
- Vera með einnota hlífðarhanska og grímu og klæðast plastsvuntu þegar hreinsa þarf blóð, ælu eða aðra líkamsvessa. Nota andlitshlíf ef hætta er á að vessar berist í andlit.
- Gæta varúðar við hósta og hnerra með því að halda fyrir vitin með einnota bréfpurrku sem sett er í rusl strax að notkun lokinni. Þvo hendur á eftir.
- Einnota búnaður er settur í lokaðan poka eftir notkun og má fara í almennt sorp.

Við almenn veikindi um borð í flugvél:

- Miðið aðstæður og aðbúnað við einkenni hins veika.
- Kallið eftir frekari leiðbeiningum frá heilbrigðisstofnun.
- Aðskiljið hinn veika frá öðrum farþegum.
- Hafið til staðar pappírspurrkur til að þurrka upp hugsanlegt smitefni, s.s. blóð. Einnig plastpoka og ælupoka ef hinn veiki er með uppköst.
- Tryggið aðgang að sérsalerni fyrir hinn veika.
- Hafið til staðar sóttthreinsunarefni og klút (t.d. Virkon).

Þeir aðilar sem annast veikan farþega nota hlífðarbúnað í samræmi við veikindi farþegans. Nota skal hlífðargrímu og hanska við alla umönnun þess veika. Nota skal hlífðarslopp og svuntu eftir þörfum til dæmis ef hætta er á snertingu við sýkta líkamsvessa (t.d. kröftug uppköst, niðurgangur eða slím í öndunarvegi). Ef hlífðarbúnaður mengast af hugsanlegu smitefni er farið í hreinan búnað. Hendur skulu þvegnar og sprittaðar eftir alla snertingu við þann veika. Ekki skal þvo eða spritta einnota hanska heldur skipta um þá með handhreinsun berra handa á milli. Takmarkið snertingu við þann veika og umgengni við hann er höfð í lágmarki. Ef þess er kostur þá er aðeins einn úr flugáhöfn í samskiptum við sjúkling (tveir ef sjúklingur er mikið veikur og þarf umönnun tveggja).

17. Frekari upplýsingar

- [Leiðbeiningar WHO um þrif í flugvélum og á flugvöllum við grun um smitandi sjúkdóma, 2009](#)
- [Tilkynning frá EASA um öryggi á flugvöllum og í flugi vegna SARS-CoV-2, 28.2.2020](#)
- [Leiðbeiningar frá ECDC-EASA UM heilbrigðisöryggi á flugvöllum og í flugi vegna COVID-19, 20.5.2020](#)
- [Skýrsla frá ECDC um ferðalög og COVID-19, 26.5.2020](#)

Viðauki 1: Gagnreynd þekking og íhugunarefni

Skimun farþega við brottför eða komu

Samhliða því að leyfa frjálsar ferðir fólks innan og milli landa þarf að leitast við að tryggja að það valdi ekki dreifingu smits og komi faraldri aftur af stað.

Við slíkar aðstæður hafa ýmsar þjóðir sett á skimun farþega sem eru að koma inn í viðkomandi lönd eða að yfirgefa þau. Markmið með slíkum skimunum er alltaf að finna smitandi einstaklinga og koma þeim í einangrun á meðan þeir eru smitandi til að verja samfélagið.

Sótthiti (líkamshiti $>37.5^{\circ}\text{C}$ eða 38°C) er það einkenni sem oftast er skimað hjá flugfarþegum við komu eða brottför. Sótthiti er ósértækt einkenni og ekki óbrigðult í COVID-19 því aðeins um helmingur smitaðra hefur sótthita. Auk þess er sótthiti einkenni sem auðvelt er að leyna tímabundið með lyfjum. Búnaður til slíkra hitamælinga er margbreytilegur og vandmeðfarinn og getur gefið bæði fölsk jákvæð svör og fölsk neikvæð svör. Slík skimun fyrir sótthita þykir ekki áreiðanleg sem sýndi sig í upphafi COVID-19 faraldursins.

Frá 25. apríl 2020 gildi sú regla að allir sem koma til Íslands frá áhættusvæðum erlendis þurfa að fara í sóttkví í 14 daga. Frá 15. júní 2020 gátu þeir sem koma frá áhættusvæðum, bæði þeim sem hér eru búsettir og öðrum, valið að fara í sýnatöku við komuna. Þann 19. ágúst 2020 hófst tvöföld sýnataka, hin fyrri á landamærum við komuna en hin seinni 5 dögum síðar og fylgja þurfti reglum um sóttkví þar til niðurstaða síðari sýnatöku lá fyrir. Þann 15. janúar 2021 breyttist reglugerð þannig að allir þurfa að fara í tvöfalda sýnatöku og sóttkví á milli. Ef síðara sýni er neikvætt er sóttkví aflétt. Börn fædd árið 2005 og síðar sem ferðast með foreldri/forráðamanni fara í sóttkví með foreldri/forráðamanni. Börn sem ferðast ein fara í sýnatöku eftir 5 daga sóttkví og sama á við um börn sem ferðast með foreldrum/forráðamönnum sem hafa vottorð um undanþágu. Börn yngri en 3ja ára (fædd 2019 og síðar) eru undanþegin sýnatöku. Þeir sem framvísa gildu vottorði um [fyrrri COVID-19 sýkingu](#) eða [fulla bólusetningu](#) á Íslandi eða á EES/EFTA-svæði eru undanþegnir sóttkví enda hafi þeir staðfestingu sem uppfyllir skilyrði sóttvarnalæknis. Hér má finna [nánari upplýsingar](#). Áhafnir flugvéla og flutningaskipa búsettar á Íslandi eða með aðalbækistöð á Íslandi, eru undanþegnar enda viðhafa þær sérstakar varúðarráðstafanir í vinnuferðum erlendis. Einnig er hægt að sækja um sérstaka vinnusóttkví til sóttvarnalæknis. Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) hefur ályktað að nýlegt neikvætt PCR-próf geti ásamt öðrum aðgerðum minnkað líkur á, þó það útiloki ekki, að einstaklingur beri smit til annars lands. Vottorð um neikvætt PCR-próf eru ekki tekin gild á landamærum hérlendis.

Notkun á hlífðargrímum

Flestir kannast helst við notkun á hlífðargrímum í heilbrigðisþjónustu þegar verið er að sinna sjúklingum með sjúkdóma sem borist geta um öndunarferi eða til að varna mengun frá öndunarferum starfsmanna við skurðaðgerðir. Hlífðargrímum er ætlað að hylja nef, munn og höku til að tryggja hindrun á að smitandi agnir berist milli starfsfólks og sjúklinga og hindra að stórir dropar og úði frá öndunarvegi berist á milli. Heilbrigðisstarfsólk er þjálfað sérstaklega til að nota slíkar grímur.

ECDC hefur sagt að notkun hlífðargríma utan heilbrigðisgeirans geti komið að gagni einkum í mannmergð í þröngu rými t.d. í almenningssamgöngum (s.s. lestum) eða á flugvöllum og í flugvélum og hvetur eindregið til að íhuga slíkt á flugvöllum og í flugvélum einkum þar sem mikil þrengsli eru og ekki hægt að halda 2 metra bili milli manna.

Sóttvarnalæknir mælir með að almenningur beri hlífðargrímur til að varna smiti við ákveðnar aðstæður en leggur aðaláherslu á að fólk virði 2 metra bilið milli manna, gæti ítrustu varúðar við hósta og hnerra og iðki tíða og vandaða handhreinsun með handþvotti eða handsprittun. Þá skal nota andlitsgrímur þar sem ekki er hægt að virða 2 metra nálægðarmörk milli ótengdra einstaklinga.

Í samræmi við tilmæli ECDC og Flugöryggismálastofnunar Evrópu (EASA) mælir sóttvarnalæknir með að farþegar og áhöfn beri hlífðargrímur inni í flugvélum. Einnig á meðan þeir dvelja í flugstöðinni þar sem ekki er hægt að virða 2 metra fjarlægðarmörk. Þá er mælt með að nota grímur í samfélaginu þar sem eðli starfsemi krefst meiri nálægðar en 2 metra. Þar sem alþjóðaflugvellir eru undanþegnir 2 metra reglu og aðstæður eru þannig að oft er ekki hægt að virða nálægðarmörk þá er viðtæk grímuskylða á flugvöllum.

Mikilvægt er að hafa í huga:

- Farþegar eru minntir á að hafa með sér nægilega margar hlífðargrímur til nota á ferðalaginu.
- Handhreinsun (með þvotti eða sprittun) áður en hlífðargríma er sett upp.
- Hlífðargríman á að hylja andlit frá nefbroddi niður fyrir höku.
- Ef hlífðargríman hefur verið snert og eftir að hún er tekin af og sett í rusl þarf að þvo eða spritta hendur.
- Skipta þarf um hlífðargrímu þegar hún er rök eða eitthvað slettist á hana en má nota í allt að 4 klst. ef ekkert kemur fyrir.
- Í flugstöðvum þurfa að vera ruslafötur víða þar sem hægt er að henda notuðum grímum og í flugvélum þurfa að vera plastpokar í hverju sæti til að farþegar geti sett í þá notaðar grímur. Öllum pokum með notuðum hlífðargrímum skal loka tryggilega áður en settir í almennt rusl.
- Afar mikilvægt er að allir átti sig á að hlífðargríma getur komið í veg fyrir að dropar frá viðkomandi dreifist út í umhverfið en er ekki ein og sér vörn gegn smiti fyrir þann sem ber hana. Áfram er mikilvægt að leitast við að halda fjarlægð frá öðrum, helst 2 metrum, iðka tíða handhreinsun með þvotti eða sprittun og gæta að hreinlæti við hósta og hnerra.

Nándarmörk

Vísindarannsóknir og fræðigreinar staðfesta að dropar frá öndunarvegi sem einstaklingur gefur frá sér berast 1,5 metra við tal og allt að 2 metra við hósta. Þess vegna þurfa rekstraraðili flugvallar, flugfélög og þjónustuaðilar að leitast við að tryggja að nándarmörk séu haldin alls staðar þar sem það er gerlegt. Ef rekstrarlegar aðstæður á flugvelli eru þannig að ekki er unnt að viðhafa 2 metra nándarmörk þarf rekstraraðili flugvallar að hafa hlífðargrímur til reiðu fyrir þá farþega sem ráðlagt er að beri hlífðargrímu á flugvellinum.

Til að draga úr fjölda fólks í flugstöðum og þar með gera fylgni við nándarmörk mögulega eru settar reglur um að þeir sem ekki eiga beint erindi á flugvöllinn komi ekki inn í flugstöðina. Aðgengið ætti því að takmarka við starfsmenn flugvallar, þjónustuaðila, áhafnir og aðra sem starfs síns vegna þurfa aðgengi að flugstöð og farþegana sjálfa. Fylgdaraðilar farþega fá aðgang ef þeir þurfa aðstoð eða eru að fylgja börnum.

Flugrekstraraðili ætti að tryggja nándarmörk milli farþega í flugvélum eins og unnt er vegna farþegafjölda og reglna um þungadreifingu í farþegarými. Þessu væri hægt að ná með að hafa a.m.k. eitt laust sæti milli farþega eða hafa aðra hverja sætaröð auða. Fjölskyldur og fólk sem er að ferðast saman gæti setið saman. Sætaskipanin fari eftir aðstæðum hverju sinni.

Þar sem ekki er unnt að virða nándarmörk vegna farþegafjölda eða annars þurfa farþegar og áhöfn ávallt að viðhafa strangar sýkingavarnir með tíðri handhreinsun, sérstakri aðgát við hósta og hnerra og bera

hlífðargrímur. Flugrekendur eru beðnir að stilla loftræstikerfi í farþegarými og draga úr þeim tíma sem slökkt er á kerfinu meðan flugvélin er ekki á flugi.

Forskráning (e. *Passenger locator card*)

Sérstakt eyðublað hefur verið notað undanfarin ár, þróað af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og Alþjóðasamtökum flugsamgangna (IATA) til að aðstoða heilbrigðisyfirvöld við að rekja smit ef flugfarþegar verða útsettir fyrir smitandi sjúkdómi.

Slík smitrakning er reglulega gerð með samvinnu flugmálayfirvalda og flugrekstraraðila til að finna þá sem útsettir hafa verið fyrir smiti í flugvélum (t.d. vegna berkla, heilahimnubólgu og mislinga). Í COVID-19 faraldrinum er hröð smitrakning mjög mikilvæg samhliða sýnatökum til að finna þá sem hugsanlega eru smitandi. Núna, þegar verið er að opna á ný fyrir samgöngur milli þjóða er smitrakning sérstaklega mikilvæg.

Til að auðvelda rakningu ef kemur í ljós að smitandi farþegi var um borð í flugvél eða skipi er nauðsynlegt að hafa til staðar upplýsingar um hvar þann einstakling er að finna. Þess vegna hafa sóttvarnaryfirvöld, í samvinnu við flugmálayfirvöld, umbreytt fyrra eyðublaði (e. *passenger locator card*) og komið á rafrænni skráningu upplýsinga sem er aðgengileg farþegum til útfyllingar allt að 72 tímum fyrir komuna til landsins. Öllum farþegum er skylt að svara forskráningarformi (sjá Viðauka 2). Ef formið er ekki fyllt út áður þarf að gera það í flugstöð við komu sem veldur óþarfa töf fyrir komufarþega.

Viðauki 2: Forskráning

Skráning vegna komu til Íslands

- Íslensk yfirvöld gera kröfu um að allir sem hingað koma frá áhættusvæðum fari í 2 sýnatökur til veiruleitar og greiningar á sjúkdómnum COVID-19, með sóttkví á milli.
- Fyrri sýnataka er við komuna til landsins en sú seinni 5 dögum eftir komuna.
- Fyrir komuna er öllum einstaklingum skylt að fylla út eyðublað (forskráningu) þar sem m.a. koma fram samskiptaupplýsingar, upplýsingar um dvalarstað í sóttkví og upplýsingar um heilsufar.
- Börn fædd 2005 og síðar:
 - Sem ferðast með foreldri/forráðamanni er skylt að fara í sóttkví með foreldri/forráðamanni.
 - Sem ferðast ein er skylt að fara í sýnatöku eftir 5 daga sóttkví. Sama á við börn þar sem foreldrar/forráðamenn eru með vottorð um undanþágu.
 - Börn 2ja ára og yngri (fædd 2019 og síðar) eru undanþegin sýnatöku.
- Þeir sem hafa greinst með COVID-19 sýkingu eða mótefni á Íslandi eða í EES/EFTA-ríki, eru undanþegnir sýnatöku.
- Einstaklingar með bólusetningarvottorð sem gefið er út í EES/EFTA ríki sem uppfyllir leiðbeiningar sóttvarnalæknis um vottorð, eru undanþegnir sýnatöku.
- Sjá nánar á [covid.is](https://www.covid.is).

Heilsufarsyfirlýsing

Mikilvægar upplýsingar:

Ef þú hefur haft eftirfarandi einkenni sem samrýmast COVID-19 (hiti >38°C, hósti eða andþyngsli, kvef eða hálsærindi, skyndileg breyting á bragð- eða lyktarskyni) undanfarna 48 klst,

hefur verið í nánd við einstakling með COVID-19 sjúkdóm (með nánd er t.d. átt við innan 2 metra í meira en 15 mínútur)

eða greinst sjálf/ur með COVID-19 undanfarna 14 daga,

átt þú ekki að ferðast.

Ég skil að ef eitthvað ofangreint á við þá skuli ég láta flugfélag/ferðaskrifstofu vita og ekki fara á flugvöll eða ferðast enda geti mér ella verið synjað um sýnatöku og skipað í sóttkví við komu skv. sóttvarnalögum nr. 19/1997.

Vinsamlegast skráðu farsímanúmer þar sem hægt verður að ná sambandi við þig á meðan dvöl þinni á Íslandi stendur. Því næst velurðu að senda staðfestingarkóða í símann þinn. Staðfestingarkóðinn er sex stafa og hann slærðu svo inn í staðfestingarformið hér að neðan.

Vinsamlegast athugið!

Ekki er hægt að skila formi fyrir en 72 klst. fyrir komu til landsins.

Í ensku útgáfu er þessi viðbót:

If you do not hold citizenship or legal residency in the EU/Schengen area, please check if you are allowed to enter Iceland before you decide to travel: <https://www.logreglan.is/english/regarding-travel-restrictions-to-iceland-as-a-result-of-covid-19/>

This pre-registration form does not serve as an application for entry.

Farþegi fyllir síðan inn:

- Ferðamáti (Áætluarflug; Einkaflug/leiguflug/annað flug; Skip)
- Flugnúmer/flugvöllur, ef á við, annars nafn skips/komuhöfn
- Brottfararland
- Komudagsetning
- Kennitala/fæðingardagur ef ekki með kennitölu
- Kyn (Karl, Kona, Ekki skilgreint)
- Fornafn; Eftirnafn
- Ríkisfang
- Búsetuland
- Netfang
- Símanúmer
- Ef börn með í för, þá hve mörg

Við komu til landsins vel ég að:

- Undirgangast PCR-próf í tvígang og stytta sóttkví í 5–6 daga.
- Sýnið verður eingöngu rannsakað með tilliti til SARS-CoV-2 (COVID-19).
- Framvísa gildu vottorði til undanþágu á sýnatöku / önnur skjöl.
- Tengifarþegi.
- Dvalarstaðir næstu 6 daga (eða meðan á dvöl á Íslandi stendur ef skemmri en 6 dagar) –ef sýnataka og stutt sóttkví er valin

Athugið að ekki er heimilt að ferðast að óþörfu meðan á sóttkví stendur, því er einungis hægt að skrá einn dvalarstað hér. Óhjákvæmilegar breytingar á dvalarstað (s.s. vegna veikinda eða náttúruhamfara) meðan á sóttkví stendur þarf að tilkynna yfirvöldum sem sinna eftirliti með sóttkví.

Staðfesting

- Ég skil að upplýsingarnar sem ég veiti í þessu forskráningarformi verða notaðar í þágu alsherjareglu og almannaheilbrigðis og gætu í því skyni verið afhentar þriðja aðila. Upplýsingar eru afhentar viðbragðsaðilum þ.e., slökkviliði og öðrum sem annast sjúkraflutninga og lögreglu, sem framfylgir því að sóttvarnarreglur séu virtar, m.a. í þeim tilgangi að tryggja að dvalið sé á uppgefnum dvalarstað á meðan á sóttkví stendur. Brot á sóttvarnarreglum getur leitt til sekta og/eða leitt til frávísunar eða brottvísunar frá landinu. Um persónuvernd fer eftir lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- Ég staðfesti að öll ofangreind svör eru gefin eftir bestu vitund.

Upplýsingar

-
- Áhafnir flugvéla og flutningaskipa búsettar á Íslandi sem fylgt hafa sérstökum varúðarráðstöfunum í vinnuferð eru undanþegnar sýnatöku skv. leiðbeiningum sóttvarnarlæknis.
- Áhafnir skipa sem hafa verið á sjó í a.m.k. 14 daga og engin veikindi um borð eru undanþegnar sýnatöku skv. leiðbeiningum sóttvarnarlæknis. Senda þarf upplýsingar til sóttvarnalæknis til að fá undanþágu.

- Börn fædd 2005 og síðar sem ferðast er skylt að fara í sóttkví með foreldri/forráðamanni. Börn fædd 2005 og síðar sem ferðast ein er skylt að fara í sýnatöku eftir 5 sóttkví eftir komuna.
- Þeir sem hafa greinst með COVID-19 sýkingu eða mótefni á Íslandi eða í EES/EFTA-ríki, eru undanþegnir sýnatöku enda hafi þeir staðfestingu á því. Sjá hér um gild vottorð. Þá eru einstaklingar með alþjóðabólusetningarskírteinið sem staðfestir fulla bólusetningu gegn COVID-19 í samræmi við alþjóðaheilbrigðisreglugerð Alþjóða–heilbrigðismálastofnunarinnar eða bólusetningarvottorð sem gefið er út í EES/EFTA ríki sem uppfyllir leiðbeiningar sóttvarnalæknis um vottorð undanþegnir sýnatöku. Sjá nánar hér.
- Tengifarþegar sem ekki fara út fyrir landamærastöð eru undanþegnir sýnatöku. Tengifarþegum sem fara út fyrir landamærastöð en dvelja innan við 48 tíma á Íslandi er heimilt að fara í sóttkví í stað sýnatöku.
- Lífrænum sýnum verður fargað en ópersónugreinanleg gögn verða hugsanlega nýtt til samantektar á tölfræði um COVID-19 sjúkdóminn.

Viðauki 3: Fyrir farþega – að efla heilbrigðisöryggi á flugvöllum, flugstöðvum og í flugi

Almenn atriði

- Notið einnota grímur fyrir munn og nef í flugi og í flugstöð við komu til landsins. Snertið grímurnar sem minnst og skiptið um grímur reglulega (má að hámarki nota sömu grímu í 4 klst). Hendið í lokaðan sorppoka. Þvoið eða sprittið hendur eftir að gríman er snert. Börn fædd 2005 og síðar og þeir sem af heilsufarsástæðum þola ekki að vera með grímu eru undanþegnir notkun á grímu.
- Virðið alltaf 2 metra nándarmörk frá næsta manni ef hægt er.
- Þvoið hendur reglulega með vatni og sápu í a.m.k. 20 sek. Ef handþvottaaðstaða er ekki til staðar skal löðra hendur með handspritti sem inniheldur alkóhól.
- Byrgið munn og nef með bréfpurrku eða olnbogabót við hnerra eða hósta, notuð bréfpurrka fari beint í rusl og hendur þvegna/sprittaðar á eftir.
- Forðist beina snertingu við yfirborð og annað fólk.

Áður en farið er á flugvöllinn

- Fyllið út [forskráningarform](#) um ferðaupplýsingar og heilbrigðisástand.
- Ef farþegi er með einkenni skal ekki fara á flugvöllinn eða ferðast.
- Hafið í huga að aðeins þeir sem eru að ferðast mega fara inn í flugstöðvarbygginguna við komu og brottför (nema vegna farþega sem þarf aðstoð eða verið sé að fylgja barni).
- Lesið upplýsingar um heilbrigðisöryggi sem flugfélagið þitt hefur sent.
- Hver og einn hafi með sér andlitsgrímur og handspritt til að nota á ferðalagi og í fluginu.

Á flugvellinum/í flugstöð

- Innritið farangur þegar hægt er.
- Þvoið/sprittið hendur eftir snertingu við mengað yfirborð t.d. eftir öryggisskoðun.
- Lágmarkið notkun á aðstöðu á flugvellinum.

Í flugvélinni

- Fylgist með kynningu á öryggisatriðum um borð svo þú vitir hvað er að gerast í þínu flugi.
- Skrúfið ekki frá lofttúðu við sætið nema það sé algerlega nauðsynlegt.
- Ef eitthvað er óljóst eða þér líður illa ber að ræða það við áhafnar meðlimi.

Viðauki 4: Helstu sóttvarnaráðstafanir skilgreindra ábyrgðaraðila

Aðgerð	Rekstraraðili flugvallar	Flugrekstrar- aðili	Starfsfólk flugvallar	Þjónustu- aðilar	Áhafnar með- limir	Farþegar
Að virða nándarmörk (2 m)	Alls staðar ef mögulegt	Alls staðar ef mögulegt	Alls staðar ef mögulegt	Alls staðar ef mögulegt	Alls staðar ef mögulegt	Alls staðar ef mögulegt
Handþvottur/ sprittun, varúð við hósta/hnerra	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Hlífðargrímur	Já, ef í framlínu	Já, ef í framlínu	Já, ef í framlínu	Já, ef í framlínu	Já	Já, í flugvél og við komu til landsins
Heilbrigðisöryggi-leiðbeiningar	Já, fylgja leiðbeiningum með samhæfðu verklagi	Já, fylgja leiðbeiningum með samhæfðu verklagi	Já, fylgja leiðbeiningum og dreifa þeim eftir því sem við á	Já, fylgja leiðbeiningum og dreifa þeim eftir því sem við á	Já, fylgja leiðbeiningum og dreifa þeim eftir því sem við á	Já, fylgja leiðbeiningum og dreifa þeim eftir því sem við á
Þrif og sótthreinsun	Já, skv. leiðbeiningum	Já, skv. leiðbeiningum	Á ekki við	Já, skv. leiðbeiningum	Á ekki við	Á ekki við
Heilbrigðis-yfirlýsing	Já, á rafrænu formi.	Já, á rafrænu formi.	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Já, á rafrænu formi.
Skoðunar-herbergi ef þarf að meta farþega nánar	Já, þarf að útvega	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Já, ef einkenni sem krefjast mats á flugvelli
Draga úr samskiptum farþega og áhafnar	Á ekki við	Já, aðeins veita nauðsynlega þjónustu. Forðist biðraðir. Tilnefnið salerni fyrir áhöfnina	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Já, fara eftir leiðbeiningum
Sérstakar aðgerðir fyrir brottför	Já, e.t.v. í samráði við heilbrigðis-yfirvöld á viðkomandi svæði	Já, e.t.v. í samráði við heilbrigðis-yfirvöld á viðkomandi svæði	Já, fylgja fyrirmælum heilbrigðis-yfirvalda	Já, fylgja fyrirmælum heilbrigðis-yfirvalda	Já, fylgja fyrirmælum heilbrigðis-yfirvalda	Já, fylgja leiðbeiningum áhafnar og starfsfólki flugvallarins